

# Félögin í Hörpu

Eftir Pétur J. Eiríksson

Hún ætlar að reynast lífseig sú kenning sumra að um starfsemi Hörpu séu níu félög og að í stjórnnum þeirra sitji sama fólk og þiggi laun fyrir hverja stjórn. Síðast kemur þetta fram í grein Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa hér í Morgunblaðinu sl. mánudag.

Eigendur Hörpu, ríki og borg í gegnum samstarfsvettvang sinn Austurhöfn ehf., ráða einir hve mörg félög þeir kjósa að hafa um starfsemi. Þegar bygging hússins stöðvaðist í nóvember 2009 voru þrjú félög um Hörpu: Eignarhaldsfélagið Portus og dótturfélög þess Ago, sem annast rekstur og Totus sem byggði og á húsið. Eigendur ákváðu að halda þessari skipan óbreyttri. Síðan bættist við Greiðslumiðlunin Hringur sem stofnaður var um bankareikning. Tilgangur var að framlög ríkis og borgar, sem veðsett voru lánveitendum, færu beint inn á veðsettan reikning Hrings þannig að stjórnendur félaganna þriggja gætu aldrei komið höndum á framlagið. Fyrst nefndu félögin þrjú verða væntanlega sameinuð í eitt ekki síðar en í desember.

Fjórar óbyggðar lóðir á Austurbakkasvæðinu eru eign félagsins Situs. Situs átti dótturfélögin Hospes, sem átti að reka hótél og Custos, sem átti að reka bílastæði. Hvorugt síðarnefndu félaganna hafa



Pétur J. Eiríksson

haft starfsemi og voru lögð niður í byrjun ársins.

Fimm einstaklingar hafa skipað stjórnir allra þessara félaga. Allir eru í stjórn Portusar og fá fyrir það greiddar 90.000 kr. mánaðarlega. Stjórnarformaður fær tvöfalda þá upphæð. Fyrir setu í öðrum félögum eru greiddar 10.000 kr. samtals. Al-

» Eigendur ákveða fjölda félaga og greiða ekki fyrir hverja stjórn.

menn stjórnarlaun nema því 100.000 kr.

Enginn þeirra einstaklinga sem sitja með mér í stjórnnum þessara félaga sóttist eftir að taka verkefnið að sér en þeir gerðu það umbeðnir. Allir hafa þeir unnið vel úr erfiðum verkefnum, af áhuga, metnaði og viljanum til að leggja samfélagi okkar gott til.

Að stöðugt draga þetta fólk upp sem eiginhagsmunseggja, hvort sem er með myndskreyttum fréttum hjá RÚV eða fullyrðingum út í loftið er ekki sæmandi.

Öðrum atriðum greinar Kjartans er beint til Austurhafnar ehf. og því ekki í mínum verkahring að svara þeim.

Höfundur er stjórnarformaður Portusar.